



## Hreppsnefnd 07.10.04

Hreppsnefndarfundur fimmtudaginn 7. október 2004  
kl. 16.00 í félagsheimilinu Miklagarði

Mætt til fundar: Aðalbjörn Björnsson, Emil Sigurjónsson, Bragi Vagnsson, Borghildur Sverrisdóttir, Björn Heiðar Sigurbjörnsson, Ólafur B. Valgeirsson, Ellert Árnason og Þorsteinn Steinsson, sveitarstjóri. Jafnframt var mættur Magnús Már Þorvaldsson, sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. mál. Fundargerð hreppsnefndar frá 23. sept. sl.  
Fundargerð hreppsnefndar frá 23. sept. sl., lögð fram.  
Fundargerðin samþykkt með 7 atkvæðum.

2. mál Fundargerð félagsmálanefndar frá 27. sept. sl.  
Fundargerð félagsmálanefndar frá 27. sept. sl. lögð fram til kynningar.

3. mál. Fundargerð Arnarvatns ehf. frá 4. okt. sl.  
Lögð fram fundargerð Arnarvatns ehf. frá 4. okt. sl. Jafnframt lagður fram áætlaður rekstrar- og efnahagsreikningur fyrirtækisins miðað við 31. ágúst 2004. Sveitarstjóri gerði grein fyrir rekstri fyrirtækisins í sumar, endurbótum og innkaupum á nýjum hlutum svo sem rúmum og sængurfatnaði. Jafnframt var fjallað um verksamning við Mælifell ehf. og hvernig hugmyndir væru um að ljúka fyrirhuguðum framkvæmdum í samræmi við verksamninginn og hvernig staðið yrði að fjármögnun framkvæmdanna.

Undir 6. tl. fundargerðar Arnarvatns ehf. er gerð svofelld tillaga til hreppsnefndar:

“Stjórn Arnarvatns ehf. beinir þeim tilmælum til hreppsnefndar að hún marki stefnu varðandi verkskiptingu hótels og félagsheimilis viðvíkjandi skemmtanahald og veitingar. Þannig að bar félagsheimilisins verði ekki rekinn í samkeppni við hótelið- og að allar minni skemmtanir verði haldnar á Hótel Tanga en félagsheimilið nýtt undir stærri viðburði”.

Hreppsnefnd samþykkir fyrirbyggjandi tillögu og áréttar sérstaklega að um skemmtanahald í félagsheimili og hóteli skal haft samráð við menningarmálafulltrúa og/eða sveitarstjóra þar til stefnan hefur verið mörkuð.

Að lokinni líflegri umræðu um framkvæmd tillögu stjórnar Arnarvatns ehf. var hún samþykkt með 6 atkvæðum gegn 1.

4. mál. Lánamál: Tilboð Ísl. Verðbréfa frá 5. okt. 2004.

Lagt fram tilboð í langtímafármögnun frá Íslenskum verðbréfum frá 5. okt. sl. að fjárhjæð allt að 150 m.kr. til 20-30 ára og miðað við ávöxtunarkröfuna 4,65 %. Með lántökunni er ráðgert að greiða upp eldri óhagstæðari lán og jafnframt að fjármagna lán Vopnafjarðarhrepps til Arnarvatns ehf. og einnig til framkvæmda í sveitarfélaginu í samræmi við fjárhagsáætlun.

Svofelld tillaga var síðan lögð fram:

“Hreppsnefnd samþykkir að taka lán samkvæmt tilboði Íslenskra Verðbréfa frá 5. okt. sl. á þeim kjörum sem þar er lýst. Lánið er verðtryggt til 20-30 ára miðað við ávöxtunarkröfuna 4,65 % og að fjárhjæð allt að 150 m.kr. Sveitarstjóra falið að undirrita nauðsynlega samninga í þessu sambandi. Að stærstum hluta er gert ráð fyrir að lántakan gangi til skuldbreytinga á eldri óhagstæðari lánum”. Tillagan samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

5. mál. Gjaldskrármál.

Fyrir fundinum liggja tillögur um hækkun þjónustugjalda m. a. leikskóla- og tónlistargjalda. Sveitarstjóri gerði grein fyrir því að gjöld þessi væru hvað lægst á landsvísu á Vopnafirði. Hér væri gerð tillaga um að færa gjöldin upp til samræmis við þjónustugjöld eins og þau eru í mörgum sambærilegum sveitarfélögum. Hér væri vissulega um töluvert stökk að ræða en fyrirliggjandi tillögur gerðu ekki ráð fyrir öðru en því að gjöld fyrir þessa þjónustu yrði með svipuðu sniði og almennt gerðist hjá sveitarfélögum af þessari stærðargráðu. Hreppsnefnd mælir með því að tillögur þessar verði samþykktar en vísar þeim til endanlegrar útfærslu í skólanefnd sveitarfélagsins. Þessi málsmeðferð var samþykkt með 7 atkvæðum.

6. mál. Leiguíbúðanefnd aldraðra, kosning fulltrúa.

Kosning fulltrúa í leiguíbúðanefnd aldraðra í stað Sigurveigar Róbertsdóttur: Fram kom tillaga um að Emil Sigurjónsson verði kosinn í hennar stað.

Tillagan samþykkt með 6 atkv.

7. mál. Ýmis mál og fundagerðir

a) Erindi hreppsnefndar til Fjárlaganefndar Alþingis, dags. 29. sept. 2004.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir helstu erindum sem farið var með til Fjárlaganefndar á fjarfundi sem haldinn var með nefndinni þann 29. sept. sl. en þar var fjallað um Kaupvang, flugsamgöngur, hafnar-, vega-, atvinnu- og löggæslumál.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17.45